

**Fundargerð 80. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 20. ágúst 2015 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason og Guðjón Bragason

Frá Forsætisráðuneyti: Eydís Eyjólfsdóttir

Frá Umhverfisráðuneyti: Stefán Guðmundsson

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

**Fundargerð:****1. Staða styrkúthlutunar aukafjárveitingar 2015.**

Eydís og Stefán fóru yfir stöðu verkefna og gerðu grein fyrir gangi. Umræða var um framkvæmdir við Hverfjall sem fengið hefur 80% af styrk vegna salernis en húsið hefur enn ekki verið reist. Stefán mun kalla eftir stöðu mála. Staða á greiðslum hjá FMS góð og samræmi við innsend gögn Rædd var undanþága til kaup á vélbúnaði til að hreinsunar á stígum að vetrarlagi í Dimmuborgum og hún samþykkt þar sem um aukið öryggi ferðamanna er að ræða. Ákvörðunin bókuð og vísað í tölvupósta um frekari upplýsingar. Albína kallar eftir stöðu göngustígaverkefna hjá UST og mun Stefán kalla eftir gögnum og upplýsa um stöðuna á næsta fundi. Næsti fundur ákveðinn 21. september kl. 8:30.

**2. Listi yfir stöðu almennra verkefna.**

Erindi er varðar aðgengi fatlaðs fólks rætt. Ferðamálastofa hefur styrkt verkefnið. Stjórnin telur að það falli ekki undir verkefni Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Framkvæmdir við Seljalandsfoss og Skógafoss ræddar og Guðjón hringdi í Ísólf Gylfason og kallaði eftir upplýsingum. Sævar ræddi ástand hálendisins og „skúravæðingu“ þess. Vekja þarf athygli á þeim vandamálum sem þar eru m.a. innan Vatnajökulspjóðgarðs og voru Kverkfjöll og Gæsavatnaleið rædd sem dæmi þar sem samstarfsverkefni þjóðgarðsins og heimamanna hamlaði framgangi. Úthlutanir til Ólafsdalsfélagsins og hægur gangur á verkefnum við Gullfoss rædd. Ákveðið að boða til funda stjórnar 1. sept kl. 8:30

**3. Staðan á ráðningu nýs umhverfisstjóra Ferðamálastofu**

Sólrún kynnti að 53 hefðu sótt um starfið, og viðtöl væru í gangi.

**4. Önnur mál.**

Björn kynnti erindisbréf frá ANR um að Guðrún Þorsteinsdóttir hafi verið ráðin til að fara yfir verkefni FF. Það vekur athygli að stjórn sjóðsins er ekki nefnd í því bréfi. Stjórnin hefur áhuga á fá kynningu á kortlagningu auðlinda ferðaþjónustunnar og reyna að fá það á næsta fundi 1. sept nk. Björn beðinn um að koma með fundargerðir til áritunar á næsta fundi

Fundi slitið kl. 9:45

Fundargerð rituðu Sólrún Anna Jónsdóttir og Björn Jóhannsson

Albina Thordarson  
Guðjón Bragason  
Anna G. Sverrisdóttir  
Sólrún Anna Jónsdóttir